


Markverð heimild um mannlega reisu og mannlega neyð

Ljósmyndasýning Margaret Bourke-White á Kjarvalsstöðum 22. febrúar til 10. marz



Of veikburða til að standa á eigin fótum. Myndina tók Bourke-White í Indlandi um 1946.

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning á myndum hins kunna bandaríska ljósmyndara Margaret Bourke-White (1904–1971).

Bourke-White vakti fyrst á sér athygli á þriðja áratugnum fyrir afar sérstæðar myndir úr bandaríska þungaiðnaðinum, en mesta frægd hefur hún hlotið fyrir fjölda mynda sem reynst hafa hinar markverðustu heimildir um sögulegustu tímabil aldarrinnar. Þá er þess að geta, að Margaret Bourke-White starfaði við hið þekkt tímarit Life frá stofnun þess og tók hún m.a. fyrstu myndina sem var á forsiðu tímaritsins.


Sýningin, sem valin er úr um það bil 20.000 myndum eftir Bourke-White, skiptist í eftirtalda þætti:

Heimildamyndir teknar í Sovétríkjunum 1930–1932 og 1941, sem sýna iðnvæðinguna miklu sem hrundið var af stað fyrir tilstilli fimm ára áætlunar Stalíns.

Myndir frá 1936 úr Suðurríkjum Bandaríkjanna, sem túlka glögglega þá miklu örþingd sem þá ríkti þar.

Árið 1938 dvaldist Bourke-White um skeið í Tékkóslóvakíu og tók eftirminnlegar myndir með stoltum, frjálsum Tékkum. Nokkrum mánuðum seinna grúfði skuggi nasismans yfir Tékkóslóvakíu.

Á stríðsárunum síðari náði hún að festa á filmu magn-



Jú, það er enginn vafi, þetta er Gandhi, leiðtogi Indverja, enda harla óvenjulegt að stjórnmálamaður gangi þannig kæddur. Bourke-White tók margar myndir af Gandhi, þessa árið 1946, og hún nefndi hana „Vefarinn“.

þrungna atburði, enda var hún jafnan stödd þar sem þungamiðja stríðsins var hverju sinni. Myndirnar frá Ítalíu, Sovétríkjunum og ekki síst frá Pýskalandi eftir uppgjöf nasista eru óviðjafnanlegar og sýna óhugnað stríðsins frá mörgum sjónarhornum.

Á Indlandi tók Bourke-White myndir á árunum 1946–1948 og eru þekktastar af þeim myndir af Mahatma Gandhi, en Gandhi áritaði eina þeirra fyrir ljósmyndarann hinn 29. janúar 1948, aðeins nokkrum klukkustundum áður en hann var ráðinn af dögum.

Árið 1950 fór Margaret Bourke-White á vegum tímaritsins Life til Suður-Afríku og tók þar myndir sem eru gagnræmar heimildir um kjör blökkumanna þar.

Í Kóreu fylgdist hún með stríðinu 1952, en það var í síðasta sinn sem hún myndaði ógnir þær sem styrjaldir hafa í för með sér.

Auk þessu eru á sýningunni á Kjarvalsstöðum fjölmargar myndir sem teknar voru í Bandaríkjunum á árunum 1934–1954.

Sýning þessi á ljósmyndum Margaret Bourke-White mun fara víða. Hingað til Reykjavíkur kemur hún eftir að hafa verið í Búkarest, Stokkhólmi, Bonn, Stuttgart, Berlín, Valetta og Moskvu.

Að uppsetningu á sýningunni hér standa Ljósmyndasafnið, Menningarstofnun Bandaríkjanna og Kjarvalsstaðir.

ÍVAR GISSURARSON


forstöðumaður Ljósmyndasafnsins

ERLENDAR BÆKKUR

**John Mortimer:
In Character.**
Penguin Books 1984.

„Er hægt að kenna teikningu?“

„Það má kenna hluta hennar. Skáldskapinn er aldrei hægt að kenna.“ Svo svarar málarinn David Hockney spurningu rithöfundarins og blaðamannsins Johns Mortimer. Þetta viðtal við Hockney er einsog velflest hin í þessari bók, bráðskemmtilegt og upplýsandi. Það er þessi hæfileiki, að fá eitthvað afgerandi upp úr mönnum, sem öllum blaðamönnum, eða viðtölurum annarra fjölmiðla er ekki gefið en Mortimer á svo auðvelt með. Það er til það fólk, grár almúgin, sem kann þessa list og á það helst til að víðra kunnáttu sína á öðru-þriðja glasi, öðrum sem svipað ástætt er með til mikillar armæðu oft á tíðum. Og í þessari bók er glósum lyft. Þeir Mortimer og Graham Greene sitja á rúmgafli hótels og dreyfa á víski úr tannburstaglössum og Greene segir: „Í rauninni veit ég ekki neitt um persónur minar fyrir en ég hef gefið þeim nafn. Í Vestur-Afríku hafa allir strákir þrjú nöfn. Eitt fyrir yfirmanninn, annað fyrir ættbálkinn og svo dulnefnið sem foreldrar hans einir þekkja. Ég verð fyrst að komast að dulnefninu.“ Og minnir þetta um margt á kattanafnakenningu T.S. Eliot. Og Mick Jagger segist ekki




hafa breytt neinu fyrir ungu fólki nema þá kannski agnaragnar ögn.

Þessi bók er gleðileg heimsókn.

**André Gide:
Þýðing, val og ritstýring: Justin O'Brien.**
Penguin Books 1984.


Það var ungur maður sem settist á bak við skrifborð í París, þar sem vel sást yfir borgina, og lét sig dreyma um að skrifa nú í eitt skipti fyrir öll meistarastykki sitt. Það var árið 1889. Rétt tæplega öld hefur riðið hjá garði síðan þó og tíðarandinn allur annar þá svo rómantískir straumar sem upp hefur verið rótað séu nú sem þá eftirsóttir.



Þessi ungi maður var André Gide og átti eftir að skrifa margt meistaraverkið og hljóta heimsfrægd fyrir skáldsögur sínar og önnur skrif.

Þetta rit, Journals 1889–1949, teygist ekki ástæða yfir mörg ár, heldur einn svið, held ég sé óhætt að segja, mannlegrar hugsunar. Sem sýnishorn eru þessi, tekin hédan og þaðan úr bókinni: „Rithöfundurinn þráir ekki að sjá til ljónsins bita gras. Hann veit að einn og sami guðinn skóp bæði úlfinn og lambið, brosti síðan „og sjá, það var harla gott“.“

„Það sem ég kalla þreytu er ellin, og ekkert losar þreytuna annað en dauðinn.“ Og þegar Gide sat kvöldstund með Proust ræddu þeir ekki annað en kynvillu og Proust efaðist



ekki um það að Baudelaire hafði verið kynvilltur einsog þeir fóstbræður báðir.

Hér verður Gide ekki kynntur, enda þótt þörf sé á því. Journals er þykkt rit og mikið, tekur yfir áttahundrað síður með nafnaskrá og inngangi eftir þýðandann.

**Victoria Glendinning:
Edith Sitwell
A Unicorn Among Lions.**
Oxford University Press 1983.

Edith Sitwell fæddist á Englandi 1887. Sjálf kvaðst hún hafa verið óvelkomið afkvæmi foreldra sinna. Ekki var það af þeirri einu ástæðu að barnið reyndist kvenmaður, heldur var samband þeirra hjóna heldur tæpt frá upphafi.

Og ekki bætti úr skák að Edith Sitwell gat varla talist til fróleiks barna. Ekki var hún há í loftinu þegar hún lýsti því yfir að þegar hún yrði stór ætlaði hún að verða snillingur.

Og Edith óx úr grasi. Hún varð áberandi í listalífinu á Englandi á árunum upp úr styrjöldinni fyrri. Á þeim árum var „Bloomsbury“-hópurinn atkvæðamikill en einhverra hluta vegna átti Edith aldrei heima í þeim félagsskap. Hún var vinamörg og meðal kunningjanna voru tilamunda Nuxley, Eliot og Gertrude Stein. Sitwell var mikill unnandi frónsku sýmbolistanna og bera kvæði hennar því vitni.

Edith Sitwell hafði ekki mikið dálæti á skáldsýstrum sínum, gat þess, að með sárafaum undantekningum væru afurðir þeirra einfaldlega hryllilegar (simply awful), ófullnægjandi, klunnalegar, fullar af sjálfsmeðauknum og voli og hún benti þessum stallsýstrum sínum á, að ef þær hygðust ná einhverjum árangri þá skyldu þær yrkja eins og menn, að öðrum kosti heldur ekki nokkurn skapaðan hrærendis hlut. Sitwell var ómyrk í máli um menn og málefni og er þessi ævisaga hennar hafsgró af óvæntum uppkomum. Hér er lýst lífi hennar og list, ástum og vinskápi. Hafi yfirhöfuð nokkur maður áhuga á skáldinu Edith Sitwell, þá ætti þetta rit að vera honum kærkomið.

GUÐBRANDUR SIGLAUGSSON
TÓK SAMAN